

# Ársskýrsla Hraunkots og Álfahrauns 2012-2013

---

## Inngangur og markmið

Hafnarfjarðarbær rekur frístundaheimili við alla grunnskóla bæjarins. Skrifstofa æskulýðsmála í Hafnarfirði sér um starfsemi frístundaheimilanna. Hlutverk frístundaheimila er að bjóða upp á fjölbreytt tómskundastarf eftir að hefðbundnum skóladegi lýkur fyrir nemendur á aldrinum 6-9 ára.

Frístundaheimilin Hraunkot við Víðistaðatún og frístundaheimilið Álfahraun í starfsstöðinni Engidal bjóða uppá fjölbreytt tómskundastarf fyrir nemendur í 1. - 4. bekk eftir að daglegum skólatíma lýkur. Frístundaheimilin eru staðsett í sér húsnæði innan skólanna með sér inngang.

## Markhópur og opnunartímar

Opnunartími er frá kl. 13:10 í Álfahrauni og 13:20 í Hraunkoti til 17:00 á virkum dögum. Þegar frí er í skólanum á virkum dögum er opið í frístundaheimilinu frá klukkan 8:00 um morguninn og til 17:00 að undanskildu vetrarfríi en þá er lokað í frístundaheimilinu. Þessa daga er auglýst sérstaklega eftir skráningu þeirra barna sem eiga að mæta.

## Innra starf

Í byrjun dags ganga krakkarnir úr skólanum í frístundaheimilið. Fyrstu mánuðina eru börn í 1. bekk sótt af starfsmönnum. Í frístundaheimilinu ganga krakkarnir frá skólatöskunum og dagurinn hefst á útiveru til kl. 14. Milli kl. 14 og 15 er síðdegishressing í eldhúsinu. Krökkunum er frjálst að koma og fara þegar þau vilja á þessum tíma. Eftir það velja börnin viðfangsefni eftir sínum áhuga.

Í frístundaheimilinu kynnast börnin hinum ýmsu tómskundum. Leitast er við að hafa starfið sem fjölbreyttast svo að allir finni eitthvað við sitt hæfi m.a. með útiveru, fjölbreyttum leikföngum, spilum, föndurefni og kubbum. Hver árgangur á sinn tíma í íþróttahúsinu einu sinni yfir vikuna, 1. bekkur sér og 2., 3. og 4. bekkur fara saman enda um svipað stóra hópa að ræða. Þá höfum við töluvert nýtt aðstöðu Hraunsins til hátíðarbrigða og aðra aðstöðu skólans, s.s. tölvu- og dansstofu.

## Starfsmannamál

Flestir starfsmenn eru í 50% starfi en sumir í minna vegna starfa sinna hjá skólanum. Í Álfahrauni starfar sérstakur umsjónarmaður í 70% starfi.

### Hraunkot

Nafn	Stöðuheiti	Starfshlutfall

Andri Ómarsson	verkefnisstjóri	100%	starfaði síðasta vetur
Thelma k. Ingólfssdóttir	stuðningsfulltrúi	35%	hætti í september
Tómas Þór Gunnarsson	stuðningsfulltrúi	38%	starfaði síðasta vetur
Aðalheiður Rós Baldursd	leiðbeinandi	50%	byrjaði í ágúst
Benedikt Jónsson	leiðbeinandi	50%	byrjaði í september
Linda Þórey Pétursdóttir	leiðbeinandi	38%	byrjaði í október
Elísabet Guðmundsdóttir	leiðbeinandi	50%	byrjaði og hætti í janúar
Elsa Dögg Lárusdóttir	leiðbeinandi	50%	byrjaði í janúar

### Álfahraun

Nafn	Stöðuheiti	Starfshlutfall	
Þóra Gyða Júlíusdóttir	leiðbeinandi	50%	starfaði síðasta vetur
Stefanía Eypórsdóttir	umsjónarmaður	70%	byrjaði í ágúst
Valtýr Björgvinsson	leiðbeinandi	50%	byrjaði í ágúst, hætti í desember
Björn Daníel Sverrisson	leiðbeinandi	30%	byrjaði í október
Hermann Ágúst Björnsson	leiðbeinandi	38%	byrjaði í janúar
Magnús Guðjónsson	leiðbeinandi	20%	byrjaði í janúar

Viðbúið að er að enginn haldi áfram störfum í Hraunkoti næsta vetur en meirihluti starfsmanna í Engidal heldur áfram.

### Samstarf

Frábært samstarf er við stjórnendur, kennara, umsjónarmann, námsráðgjafa og annað starfsfólk Vídistaðaskóla. Verkefnisstjóri hefur ekki verið boðaður á nemendaverndarráðsfundi í vetur. Gott samstarf er við foreldra sem fá reglulega sendar upplýsingar um hvað er í gangi.

### Aðsóknartölur

<b>Vídistaðaskóli</b>	30	21	35	30
-þar af í frístund	24	16	23	2
Hlutfall	80%	76%	66%	7%
<b>Engidalur</b>	29	33	14	38
-þar af í frístund	27	18	0	0
Hlutfall	93%	55%	0%	0%

## Lokaorð

Starfið hefur gengið ágætlega í vetur. Gott samstarf er á milli Álfahrauns og Hraunkots og margir starfsmenn hafa unnið við og við á hinum staðnum vegna veikinda annarra starfsmanna. Þá eru flestir heilir dagar sameiginlegir. Það er hinsvegar erfitt að stefna inn í vetur þar sem engir starfsmenn halda áfram starfi

Mikil vöntun er á undirbúningstíma fyrir alla starfsmenn og mikil þörf er einnig á fræðslu um hin ýmsu verkefni sem starfsmenn gætu boðið uppá í starfinu. Starfsmenn þurfa að fá tækifæri til að læra skemmtilega hluti sem þeir geta nýtt í starfinu með börnunum og fá tíma til að undirbúa sitt starf.

Töluvert álag er á húsnæði Hraunkots sem er notað allan ársins hring. Gólfíð í Hraunkoti hefur ekki verið bónað lengi og alþrif fara bara fram einu sinni á ári. Þá er mikil þörf á því að mála og dytta að bæði í Álfahrauni og Hraunkoti.

Hafnarfirði, 30. maí 2013

Andri Ómarsson, verkefnisstjóri